

2. Veita lán til kaupa á ungum stóðhestum. Miða skal við, að lánsfjárhæð og styrkur geti numið allt að 60% af kaupverði.
3. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum hryssum. Lásupphæð skal miðuð við, að styrkur og lán geti numið allt að 50% af kaupverði.

5. gr.

Lán þessi skulu vera til 5 ára gegn veði í viðkomandi hrossi, enda sé hrossið tryggt á fullnægjandi hátt. Vextir af láninu skulu vera almennir sparisjóðsvextir.

6. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands að kaupa stóðhesta handa stóðhestastöð ríkisins, sem hrossaræktarsambönd eða hrossaræktarþú sjá sér ekki fært að kaupa, ef stjórnin telur þá dýrmæta til ræktunar innanlands, en ella yrðu þeir seldir úr landi eða vanaðir.

7. gr.

Ef fjárhagur sjóðsins yrði þröngur hafa hrossaræktarsambönd forgang fram yfir stofnræktarfélag og stofnræktarþú til styrkja og lána.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Búnaðarfélags Íslands, sem lætur ávaxta það fé, sem í honum er geymt og annast félagið reikningshald hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Búnaðarfélags Íslands.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

29. maí 1975.

Nr. 249.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing:

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 38.00 á kWst.

1.2. Til almennrar lýsingar um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 13.60 - —

Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. — 201.00 á m² á ári

Geymslur og gangar þeim tilheyrandi — 66.35 - — - —

1.3. Til hafnarlýsingar um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 11.00 á kWst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 28 274.00 árskW.
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun:

2.1. Um kWst. mæli þannig reiknað:

a. Grunnugjald kr. 66.00 á mán.

b. Orkugjald af allri notkun — 8.60 - kWst.

c. Fastagjald af hverju herbergi — 66.00 - —

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálf, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun:

3.1. Um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 22.00 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungur lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst. mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl og orkumæla:

Fastagjald kr. 9 853.00 á ári

Aflgjald af notuðu afli, lág. 2 kW. — 9 853.00 hvert árskW.

Orkugjald — 3.32 á kWst.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.

Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst. mæli:

Fastagjald kr. 9 853.00 á ári

Orkugjald — 3.32 á kWst.

Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kW. . . — 8 165.00 hvert árskW.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólahrings.

4. Hitun: ..

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag, um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald án söluskatts kr. 2.40 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 X 1½ klst. á dag, um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 3.12 - —

4.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst. mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 2.53 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:

Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLLEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og ákvörðun sú er skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minni kr. 52.00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minni — 86.00 - —
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 121.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.
63A 1-fasa	36 570.00	1 196.00
63A 3-fasa	47 334.00	1 380.00
100A 3-fasa	56 304.00	1 610.00
125A 3-fasa	68 540.00	1 955.00
200A 3-fasa	90 735.00	2 162.00
300A 3-fasa	189 175.00	3 036.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðdist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stýstu greiðfærri leið að lóðar-mörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 700.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 700.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta 41.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá, nr. 43 3. febrúar 1975 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 250.

21. maí 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. maí 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er það fé sem safnað var í Kvennaskólanum meðal skólasystra og kennara Hildar dánarárið, kr. 32 000.00 það fé sem safnað var meðal skólasystra vorið 1975, kr. 70 000.00 ásamt gjöf foreldra Hildar kr. 10 000.00. Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðufé hans og gjafir, sem honum kunna að berast.

4. gr.

Stofna skal við skólann hljómplötusafn og nefnist það Hildarsafn. Hildarsafn er útlánssafn til afnota fyrir nemendur skólans. Úr Hildarsjóði skal á árinu 1975 verja 50 þúsund krónum til stofnunar Hildarsafns. Síðan er sjóðsstjórn heimilt að verja árlega til safnsins öllum vaxtatekjum sjóðsins og allt að 30% af innstæðufé hans í árshyrjun. Þó má höfuðstóll sjóðsins aldrei verða lægri en 32 þúsund krónum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri og tónlistarkennari skólans og ein kona úr hópi bekkjarsystra Hildar, sem þær sjálfar tilnefna. Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og ákveður, hversu miklu af fé sjóðsins skuli ráðstafa til Hildarsafns á hverju ári, sbr. 4. gr.